

Ár 1994, miðvikudaginn 18. maí 1994 var í málinu nr. 5/1993 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

## ÚRSKURÐUR:

Málavextir eru þeir, að með kæru til Yfirfasteignanefndar dags. 23. nóvember 1993 óskar Guðmundur Pétursson hrl. f.h. Ferðafélags Íslands úrskurðar nefndarinnar um heimild Rangárvallahrepps til álagningar fasteignaskatts á sæluhús félagsins við Álftavatn á Rangárvallafrétti fyrir árið 1993 kr. 30.700.-

Kæru sína byggir lögmaðurinn aðallega á því að eignin sé undanþegin fasteignaskatti samkvæmt 5. gr. laga nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga. Í kærubréfi segir orðrétt:

"Fyrir hönd Ferðafélags Íslands leyfi ég mér hér með að mótmæla gjaldskyldu félagsins af eigninni. Um álagninguna gilda lög nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga. Í 4. gr. 3. mgr. laganna segir, að verði ágreiningur um gjaldskyldu skeri yfirfasteignamatnefnd úr og að heimilt sé að skjóta úrskurði nefndarinnar til dómstóla. Með vísun til þessarar greinar er farið fram á úrskurð yfirfasteignanefndar um heimild hreppsins til skattálagningar. Í 5. gr. sömu laga segir beinum orðum að sæluhús séu undanþegin fasteignaskatti".

Þá segir í kærubréfi lögmannsins:

"Ef svo ólíklega vill til að yfirfasteignamatnefndin telji þessa eign skattskylda, skal bent á að skattur sem nemur 1% af álagningarstofni er of hár, ætti að nema sem hámark 1/2% af álagningarstofni skv. A-lið 3. mgr. 3. gr. L 90/1990."

Til frekari skýringa vísar lögmaðurinn til bréfs framkvæmdastjóra Ferðafélagsins til Rangárvallahrepps dags. 19. mars 1993, en þar kemur þetta fram:

"Ferðafélagið vekur athygli á því að ákvæði 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga hafa tekið nokkrum breytingum á undanförunum árum. Í lögum nr. 73/1980 segir m.a.: Undanþegin fasteignaskatti eru ....., sæluhús, félagsheimili og samkomuhús sem ekki eru rekin í ágóðaskyni .....

Í lögum nr. 91/1989 segir hinsvegar: Undanþegin fasteignaskatti eru .... sæluhús, bókasöfn og önnur safnahús....

Allri vísun til ágóða af rekstri sæluhúsa er sleppt í lögum nr. 91/1989 og varð engin breyting á þessum ákvæðum með nügildandi lögum nr. 90/1990.

Orðið sæluhús er skýrt í íslenskum orðabókum sem hús til að gista í í óbyggðum. Eigi er að sjá af lögskýringagögnum, að orðið "sæluhús" í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, beri að skilja með nokkrum öðrum hætti. Mörg sæluhúsa Ferðafélags Íslands voru risin og nýtt með sama hætti og nú er, þegar l. nr. 91/1989 voru sett".

Í bréfi kæranda dags. 3. febrúar 1994 er því haldið fram til frekari rökstuðnings kærðu að umrædd fasteign sé ekki í Rangárvallahreppi í merkingu 3. gr. í nr. 90/1993, og þar með sé því sveitarfélagi óheimilt að tileinka sér fasteigngjöld af húsinu.

Í bréfi Valgarðs Sigurðssonar hrl., lögmanns Rangárvallahrepps í þessu máli dags. 10. janúar 1994, kemur þetta fram m.a.:

"Hreppsnefnd Rangárvallahrepps telur vafalaust að notkun húsa Ferðafélags Íslands á Rangárvallaafretti við Álftavatn felli þau undir b-lið 3. gr. laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga og hefur lagt á þau fasteignaskatt í samræmi við það. Notkun húsa er bundin við ferðapjónustu félagsins nær eingöngu. Gisting og viðvalaraðstaða er seild í húsunum og hana ber að panta og bóka fyrirfram. Fyrir öðrum eru húsin læst og óaðgengileg utan þess að annað húsið er haft ólæst á veturna. Ferðafélagið hefur auk þess launaðan starfsmann á sínum snærum í húsunum á sumrin til þess að hirða um þau og annast þjónustu við ferðamenn gegn gjaldi, sem sýnir það ótvírætt að hér eru um atvinnustarfsemi að ræða en ekki sæluhús í skilningi laganna og venjulegum almennum skilningi þess orðs.

Það er hugtaksskilyrði í tekjustofnalögunum að um sæluhús sé að ræða til þess að njóta undanþágu frá fasteignaskatti skv. 5. gr. laganna. Hugtaksskilgreining laganna á sæluhúsi er að þar sé átt við hús á afreittum og öræfum sem standa öllum ferðamönnum opin til gistingar eða skjóls í fjallaferðum hvenær sem er, án fyrirvara eða greiðslu af nokkru tagi, og eru þá frjáls framlög undanskilin. Þetta er einnig sá almenni og viðurkenndi skilningur á merkingu hugtaksins. Þetta skilyrði uppfylla hús ferðafélagsins ekki og njóti því ekki undanþágu 5. gr. laganna."

Sjónarmið Ferðafélags Íslands og Hreppsnefndar Rangárvallahrepps hafa verið rökstudd bæði skriflega og í munnlegum málflutningi. Þá hefur Yfirfasteignamatnefnd aflað skýringa og ýmissa gagna er mál þetta varða, þ.á m. laga Ferðafélags Íslands, ársreikninga félagsins fyrir árin 1992 og 1993 og yfirlits um rekstur skála félagsins við Álftavatn.

Í 2. gr. laga Ferðafélagsins segir að félagið sé áhugamannafélag og tilgangur þess að stuðla að ferðalögum á Íslandi og greiða fyrir þeim. Í 3. gr. er kveðið á um hvernig félagið hyggst ná tilgangi sínum þ.e.:

1. Með útgáfu ferða- og landlýsinga og gerð uppdrátta og leiðarvísa.
2. Að gangast fyrir byggingu og rekstri sæluhúsa.
3. Að stuðla að merkingu gönguleiða í óbyggðum og byggingu göngubrúa á þeim leiðum.
4. Að gangast fyrir ferðalögum, til að kynna mönnum náttúru landsins og sögu merkra staða.
5. Að stuðla að góðri umgengni ferðamanna og vernd náttúru landsins og sögu merkra staða.
6. Að koma á og efla vinsamlegt samstarf við innlend og erlend ferðafélög, sem starfa á svipuðum grundvelli.
7. Að koma fram gagnvart stjórnvöldum landsins í öllum málum sem lúta að stefnu-málum þess."

Af ársreikningum félagsins má ráða að félagið er með umtalsverðan rekstur á sviði ferðaþjónustu, og má þar nefna ferðir á vegum félagsins og starfrækslu skála. Af Álftavatnsskálum eru innheimt gistigjöld kr. 1.025.919 árið 1993.

Hugtakið "sæluhús" er ekki skilgreint í lögum nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga né í greinargerðum eða í öðrum lögum. Í vegalögum hafa þó frá upphafi verið ákvæði þess efnis að byggja skuli sæluhús á fjallvegum og annars staðar sem þurfa þyki sbr. 45. gr. núgildandi vegalaga nr. 6/1977. Orðið sæluhús er gamalt í málinu og má sjá í fornum ritum að menn hafa í ferðum sínum leitað sér skjóls í sæluhúsum. Í orðabók Menningarsjóðs er orðið skýrt sem hús til að gista í í óbyggðum, á öræfum. Ekki verður talið að svo rúm orðskýring geti átt við um sæluhús í merkingu 1. mgr. 5. gr. laga 90/1990 enda er ákvæðið undantekningarákvæði sem skýra verður þröngt.

Með lögum nr. 30/1975 um breyting á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga var lögtekið að sæluhús og skipbrotsmannaskýli væru undanþegin fasteignaskatti, en þar segir í 1. gr.: "5. gr. laganna breytist þannig: Á eftir orðunum "orlofsheimili launþegasamtaka" í 1. mgr. komi: skipbrotsmannaskýli, sæluhús."

Ákvæði um undanþágu sæluhúsa og skipbrotsmannaskýla var ekki í upphaflega frumvarpinu en kom fram sem breytingatillaga eftir umfjöllun í neðri deild. Ástæða undanþágunnar er vafalaust sú, að löggjafinn hefur viljað hlynna að starfsemi á sviði slysavarna og öryggismála. Með vísan til þess og annars sem að framan er rakið telur nefndin eðlilegast að skýra hugtakið "sæluhús" í merkingu 1. mgr. 5. gr. svo að þar sé átt við hús eða skýli sem hafi því meginhlutverki að gegna að þeir sem eiga ferð um landið og þá einkum þeir sem lenda í hrakningum getið leitað þar skjóls þ.e. að vera neyðarathvarf líkt og skipbrotsmannaskýli eru við ströndina. Fyrirnefnd ákvæði um sæluhús í vegalögum styðja þessa skýringu. Með hliðsjón af starfsemi Ferðafélagsins og rekstri á skálum þess við Álftavatn telur nefndin að skálarnir teljist ekki sæluhús í skilningi 1. mgr. 5. gr. Viðurkennt er að skálarnir geti vegna staðsetningar sinnar gegnt hlutverki neyðarathvarfs en að það sé svo óverulegur þáttur í rekstri þeirra að það gefi ekki tilefni til skiptingar.

Yfirfasteignamatnefnd er ekki bær til þess að úrskurða um ágreining um staðarmörk sveitarfélags, en samkvæmt skrá um fasteignir í Rangárvallahreppi eru tveir Ferðafélagsskalar við Álftavatn skráðir í eigu Ferðafélags Íslands. Samkvæmt framansögðu telur Yfirfasteignamatnefnd skálana ekki undanþegna fasteignaskatti samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 90/1990. Skálarnir geta að mati nefndarinnar ekki talist sumarbústaðir og falla því ekki undir upptalningu í a-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 90/1990 og eru því gjaldskyldir samkvæmt b-lið málsgreinarinnar.


Samkvæmt framansögðu er heimilt að leggja fasteignaskatt á Ferðafélagsskála við Álftavatn.

## ÚRSKURÐARORÐ:

Á skála Ferðafélags Íslands við Álfavatn í Rangárvallafrétti er heimilt að leggja fasteignaskatt samkvæmt staflið b. 3. gr. laga nr. 90/1990.

  
Pétur Stefánsson

  
Guðný Björnsdóttir

  
Andrés Svanbjörnsson